

FUNDARGERÐ

272. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 26. júní 2024 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Ingvar Smári Birgisson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Mörður Áslaugarson Margrét Tryggvadóttir og Práinn Óskarsson. Silja Dögg Gunnarsdóttir, Marta Guðrún Jóhannesdóttir, Aron Ólafsson og Rósa Kristinsdóttir sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Anna María Benediktsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Björn Þór Hermannsson fjármálastjóri og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir

Fundargerðir nr. 271 var lögð fram og samþykkt.

2. Minnispunktar útvarpsstjóri

Útvarpsstjóri upplýsti stjórn um reglubundinn fund með fulltrúum menningar- og viðskiptaráðuneytis, í samræmi við ákvæði þjónustusamnings, sem haldinn var í júní. Á fundinum var farið yfir stöðu verkefna samkvæmt þjónustusamningi, fjármál og nýjungar í starfsemi Ríkisútvarpsins. Jafnframt átti útvarpsstjóri og málfarsráðunautur RÚV fund með menningar- og viðskiptaráðherra um kynhlutlaust mál, og tóku einnig þátt í málstofu á vegum ráðuneytisins um sama efni ásamt öðrum sérfræðingum á þessu sviði og fulltrúi Íslenskrar málnefndar.

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir starfi vinnuhóps um minnkuð umsvif RÚV á auglýsingamarkaði og lífeyrisskuldbindingar RÚV. Vinnuhópurinn hafi haldið þrjá fundi og sé að afla gagna, m.a. með kortlagningu á fjármögnun almannaþjónustumiðla í Evrópu, en tæplega 80% allra almannaþjónustumiðla í Evrópu eru fjármagnaðir með blönduðum hætti opinberra framlaga og auglýsingatekna. Stefnt sé að því að hópurinn skili umfjöllun sinni og tillögum síðar á árinu.

Útvarpsstjóri upplýsti um að innskráning á spilara RÚV á netinu væri nú virk fyrir Íslendinga erlendis. Innskráningin sé með rafrænum skilríkjum en innskráningargluggi opnast hjá þeim sem fara inn á spilara RÚV erlendis. Á fyrstu vikunni höfðu hátt í 2000 einstaklingar skráð sig inn. Þessi möguleiki er enn ekki virkur í öppum RÚV, en að því verði unnið á næstunni.

Farið var yfir yfirfærsluverkefni á segulböndum yfir á stafrænt form. Segulbönd voru notuð á árunum 1950-2005 í starfsemi Ríkisútvarpsins og í hillum safnsins séu rúmlega 70 þúsund bönd með fjölbreyttu útvarpsefni sem og upptökum frá Sinfóníuhljómsveit Íslands og Listahátíð. Nú þegar hafa um 30 þúsund segulbönd með dagskrárefni verið yfirfærð á stafrænt form á undanförunum árum, af þeim voru 12 þúsund bönd send til Belgíu á síðasta ári. Þær yfirfærslur ganga vel og berast stafrænar hljóðskrár nú safni RÚV daglega og mun þessu verkefni ljúka síðar í sumar. Á þessum böndum séu fjölmargir útvarpsþættir sem voru á dagskrá á árunum 1985-2005.

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir helstu niðurstöðum úr viðhorfskönnun sem unnin var af Gallup í maí sl., í samræmi við ákvæði í þjónustusamningi. Í könnuninni sé viðhorf fólks til RÚV, dagskrár og annarrar þjónustu kannað sem og virði og áhrif RÚV á mismunandi sviðum. Litlar breytingar séu á viðhorfi og trausti fólks frá síðustu mælingu sem framkvæmd var á síðasta ári. Sífelld fleiri nálgast efni RÚV í gegnum vefinn og í smáforritum í sjónvörpum og snjallsímum, sem undirstrikar mikilvægi stafrænnar þróunar við dreifingu og miðlun á efni RÚV. Spurt var um hversu miklu eða litlu máli fréttþjónusta í almannaþágu líkt og RÚV skipti fólk persónulega og fyrir samfélagið, og kom fram í svörum fólks að 78,1% töldu slíka þjónustu skipta miklu máli fyrir samfélagið og litlu færri fyrir sig persónulega. Farið var stuttlega yfir áhorfsgreiningu sem unnin var á Silfrinu fyrir síðasta vetur, í samanburði við síðustu

Handwritten notes and signatures in blue ink at the bottom right of the page, including the words "SDGT" and "200" and several initials.

tvo vetur þar á undan. Eins og kunnugt er var sýningartími þáttarins færður frá sunnudagsmorgni til mánudagskvölds, m.a. til að bregðast við minnkandi áhorfi á Silfrið. Tilfærslan hefur borið góðan árangur ef litið er til áhorfs, en það jókst úr 7% áhorfi á árunum 2021-2022 í 12,2% uppsafnað áhorf nú í vetur. Áhorfsaukning varð í öllum aldurshópum, hlutfallslega mest aukning í yngsta aldurshópnum en einnig umtalsverð aukning í aldurshópnum 55-80 ára þar sem uppsafnað áhorf á frumsýningu fór úr 14,1% árið 2022 í 24,3% árið 2024.

Loks gerði útvarpsstjóri grein fyrir samningi við fyrirtækið Tiro um sjálfvirka textun á sjónvarpsefni, en tilraunaverkefni á því sviði hefur verið í gangi undanfarna mánuði og stendur nú til að útvíkka það verkefni og þar með bæta þjónustu á þessu sviði umtalsvert.

Gerð var grein fyrir breytingum á UHF dreifingu sjónvarps hjá Vodafone, sem annast dreifingu sjónvarpsefnis samkvæmt samningi. Þá var gerð grein fyrir viðbrögðum RÚV við netárás á Árvakur um liðna helgi, en árásin gaf RÚV og vöktunaraðilum tilefni til að fara yfir þessi mál sérstaklega og skoða nánar mögulega veikleika hjá RÚV.

Þá var gerð grein fyrir Sögum, verðlaunahátíð barnanna, sem haldin var í júní og heppnaðist einstaklega vel.

Að síðustu var upplýst um að fjölskyldudagur RÚV hefði verið haldin í júní, þar sem fjölskyldum starfsfólks RÚV sé boðið í heimsókn í Efstaleiti með tilheyrandi skemmtidagskrá og gleði.

3. Fjármál

Fjármálastjóri kynnti bráðabirgðauppgjör fyrir maímánuð og samanlagt fyrstu fimm mánuði ársins. Afkoman í maí var talsvert undi áætlun sem rekja megi til lægri auglýsingatekna og hærri útgjalda en áætlun gerði ráð fyrir. Þá var afkoma fyrstu fimm mánuði ársins lakari en uppfærð áætlun gerði ráð fyrir. Þar vegi þyngst aukinn launa- og verktakakostnaður fréttastofu vegna eldsumbrota á Reykjanesi og vegna forsetakosninga. Þrátt fyrir að auglýsingatekjur hafi verið undir áætlun í maí þá séu tekjurnar nánast á pari fyrstu fimm mánuði ársins samanborið við endurskoðaða áætlun.

Einnig var farið yfir samantekt á kaupum af sjálfstæðum framleiðendum fyrir árin 2020-2023 og fyrstu mánuði ársins 2024. Fyrir árin 2020-2023 námu kaupin meira en 2,6 ma.kr. en það er ríflega 300 m.kr. (13%) umfram kaupskyldu. Af heildarkaupunum fóru 93% í kaup á sjónvarpsefni en 7% í talsetningu og útvarp. Í nýjum þjónustusamningi var ákvæðinu um kaup af sjálfstæðum framleiðendum breytt og er nú horft á hlutfall dagskrárefnis af íslensku efni í sjónvarpi miðað við frumsýnt efni á kjörtíma. Greiðslur til sjálfstæðra framleiðenda fyrstu fimm mánuði ársins námu ríflega 350 m.kr. Hlutfall dagskrárefnis frá sjálfstæðum framleiðendum var 38% fyrstu þrjá mánuði ársins.

Í lokin var farið yfir samantekt fyrir verktakakaup árin 2016-2023 og fyrstu mánuði ársins 2024.

Stjórnarmaður óskaði eftir að fá lista yfir þá dagskrárliði þar sem sjálfstæðir framleiðendur koma að.

4. Önnur mál

Engin önnur mál og fundi slitið.

Silja D. Gunnarsdóttir
frá - Osken sk. tíðar þjónustan séð
Rósa Kristinsdóttir
Tegun Gunnar Þryggsson